

5.fundur stjórnar FSÍ, haldinn þriðjudaginn 27.ágúst, kl.17:00 í fundarsölum ÍSÍ, Engjavegi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Guðrún Harðardóttir meðstjórnandi og Einar Ólafsson ritari. Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar Sæunn Viggósdóttir, fulltrúi nefndar um fimleika fyrir alla, Halla Kari Hjaltested formaður tækninefndar kvenna og Sigurður Hrafn Pétursson, formaður tækninefndar karla. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ.

Jósep Húnfjörð gjaldkeri og Olga Bjarnadóttir formaður tækninefndar í hópfimleikum boðuðu forföll. Jón Finnbogason, formaður laganefndar og Guðmundur Þór Brynjólfsson, formaður fræðslunefndar, voru boðaðir en þáðu ekki boðið að þessu sinni.

Dagskrá:

1. Mótadagskrá keppnisvetrarins 2013-2014

Framkvæmdastjóri fimleikasambandsins leggur fram eftirfarandi mótadagskrá fyrir keppnisveturinn 2013-2014. Við undirbúning mótadagskráar voru eftirfarandi leiðir notaðar.

-Framkvæmdastjóri sendi tölvupóst til allra aðildafélaga þar sem hann óskaði eftir tillögum frá þeim um hvaða mót þau væru tilbúin til að halda.

-Félög sendi inn óskir um hvaða mót þau vilja halda, níu félög sendu inn óskir sínar.

-Tækninefndir sendi inn hvaða mót eiga að vera á mótadagskrá

-Framkvæmdastjóri setti saman mótadagskrá, sendi hana aftur á formenn tækninefnda til staðfestingar á að allir atburðir væru inn á dagskrá.

-Mótanefnd ásamt sviðsstjóra fræðslumála hittust til að fara yfir hvaða hús hentuðu hvaða tegund af móti.

-Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri fræðslumála gerðu tillögu að úthlutun móta til félaga.

-Sviðsstjóri fræðslumála sendi út beiðnir til félaga um að halda mót.

-Mótadagskrá sent til umsagnar á stjórnarfund.

Sú tillaga sem hér liggur frami varðar dagsetningar en ekki er búið að klára staðsetningar á þessum tímapunkti.

Málið rætt

Stjórn FSÍ samþykkir framkomna mótadagskrá FSÍ fyrir keppnistímabil 2013-2014, en áskilur sér rétt til breytinga á dagsetningum ef þörf krefur. Stjórn felur framkvæmdastjóra að klára úthlutun móta til félaga og koma þeim upplýsingum á framfæri til félaga ásamt því að birta mótadagskrá á vef sambandsins.

2.Tillaga sviðsstjóra landsliðsmála um vegna NM í hópfimleikum 2013

Sviðsstjóri landsliðsmála leggur fram eftirfarandi greinagerð varðandi NM í hópfimleikum 2013;

Lið sem hafa tryggt sér þátttökurétt:

Kvennaflokkur:

- Gerpla (16 keppendur – 4 þjálfarar)
- Stjarnan (16 keppendur – 4 þjálfarar)

Karlaflokkur:

- Gerpla (16 keppendur – 3 þjálfarar)

Blandaður flokkur:

- Ármann (16 keppendur – 3 þjálfarar)

Gert er ráð fyrir því að hóparnir fari út fimmtudaginn 7. nóvember og heim aftur sunnudaginn 10. nóvember.

Dómarar:

- Auður Inga Þorsteinsdóttir
- Hrafnhildur María Gunnarsdóttir
- Olga Bjarnadóttir
- Sólveig Jónsdóttir

Auður Inga og Sólveig munu auk þess mæta á fund Norrænu tækninefndarinnar sem fram fer á fimmtudagskvöldi 7. nóvember.

Landsliðsþjálfari:

- Ása Inga Þorsteinsdóttir

Sviðsstjóri leggur til að FSÍ sendi landsliðsþjálfara með á mótið. Undirbúningur fyrir EM 2014 hefst að afstöðnu Norðurlandamóti og því mikilvægt fyrir landsliðsþjálfara að fylgjast vel með gangi Íslenskra keppenda á mótinu sem og að sjá hvert okkar helstu andstæðingar eru að stefna. Gert er ráð fyrir að landsliðsþjálfari fylgi íslensku liðunum og verði ráðgefandi fyrir þjálfara á svæðinu og fari því á fimmtudeginum 7. nóvember og heim aftur sunnudaginn 10. nóvember.

Fararstjóri:

- Íris Svavarsdóttir

Sviðsstjóri leggur til að Íris Svavarsdóttir, sviðsstjóri fræðslumála, verði fararstjóri í ferðinni. Íris hefur mikla reynslu af þátttöku í mótum sem þessum og mun hennar þekking nýtast liðunum vel. Eins uppfyllir hún þau skilyrði stjórnar um hlutleysi fararstjóra í ferðum á vegum FSÍ. Fararstjóri ferðast með hópnum út fimmtudaginn 7. nóvember og heim aftur 10. nóvember.

Málið rætt

Stjórn Fimleikasambandsins samþykkir tillögu sviðsstjóra landsliðsmála og felur henni ásamt framkvæmdastjóra að klára skráningarferil varðandi NM í hópfimleikum 2013. Stjórn fimleikasambandsins óskar öllum keppendum, þjálfurum og dómurum góðs gengis.

3. Tillaga sviðsstjóra landsliðsmála um aðstoðarfararstjóra vegna NM í hópfimleikum 2013

Sviðsstjóri landsliðsmála leggur til að sendur verði aðstoðarfararstjóri á Norðurlandamótið í hópfimleikum sem fram fer 9. nóvember í Odense í Danmörku.

Aðstoðarfararstjóri:

- Arnar Ólafsson

Sviðsstjóri leggur til að Arnar Ólafsson, varaformaður sambandsins, fari sem að aðstoðarfararstjóri og fjölmiðlafulltrúi í ferðina. Ísland á titil að verja í keppninni og mikilvægt að við komum öllum upplýsingum sem allra fyrst á fjölmiðla á Íslandi.

Eins myndi hann sinni hlutverki sínu sem formaður LOC – nefndarinnar fyrir EM2014 og annast að koma þeim upplýsingum til leiðar er varða Evrópumótið, kynna mótið og afla tengiliða til að tryggja þátttöku sem flestra þjóða á mótið. Aðstoðarfararstjóri mun ferðast með hópnum.

Málið rætt

Stjórn Fimleikasambandsins samþykkir tillögu sviðsstjóra landsliðmála og felur henni ásamt framkvæmdastjóra að klára skráningarferil varðandi NM í hópfimleikum 2013.

4. Kröfur móta frá sviðsstjóra landsliðsmála, vegna NM unglunga 2014

Sviðsstjóri landsliðsmála leggur fram eftirfarandi kröfur mót í hópfimleikum er varðar þátttökurétt á Norðurlandamóti unglunga;

Til að tryggja sér þátttökurétt á Norðurlandamóti unglunga sem fram fer í Reykjavík í apríl 2014, þarf að taka þátt í þeim verkefnum sem eru á mótaskrá Fimleikasambandsins fyrir keppnistímabilið 2013-2014.

Tvö mót í mótariðinni telja til stiga í keppninni um sæti á mótinu, tvö lið í 1. flokki karla, kvenna og blönduðum flokki geta unnið sér inn þátttökurétt á mótinu.

- Mót 3 – Íslandsmót unglunga – 21. febrúar
 - 1. sæti – 7 stig
 - 2. sæti – 5 stig
 - 3. sæti – 3 stig
 - 4. sæti – 1 stig
- Mót 4 – Bikarmót í hópfimleikum – 15. mars
 - 1. sæti – 7 stig
 - 2. sæti – 5 stig
 - 3. sæti – 3 stig
 - 4. sæti – 1 stig

Ef lið eru jöfn að stigum:

- Fleiri sigrar á einstökum áhöldum
- Það lið sem hefur hærri samanlögð stig þegar einkunnir B1 á áhöldunum 3 eru lagðar saman.
- Árangur á RIG.

Málið rætt

Stjórn Fimleikasambandsins samþykkir tillögu sviðsstjóra landsliðmála og felur framkvæmdastjóra að senda tilkynningu um þessa ákvörðun til aðildafélaga ásamt því að birta hana á vef sambandsins.

5. Tillaga sviðsstjóra fræðslumála vegna undirnefndar TKV

Fyrir 4.fund stjórnar FSÍ var lagt erindi frá TKV varðandi stofnun undirnefndar. Því erindi var frestað og vísað til sviðsstjóra fræðslumála og samráðsnefndar dómara til frekari úrvinnslu.

Samráðsnefnd dómara fundaði ásamt sviðsstjóra fræðslumála og var m.a. fjallað um fyrrgreint erindi. Eftirfarandi greinagerð var bókuð á þeim fundi;

„Samráðsnefnd dómaramála (SD) var beðin um að fjalla um beiðni TKV um stofnun undirnefndar í dómaramálum fyrir keppnistímabilið 2013-2014. SD samþykkir þessa beiðni með þeim skilmálum að undirnefnd dómaramála hjá TKV vinni náið í samstarfi við SD og sviðsstjóra fræðslu- og mótamála varðandi innlend dómaramál og sviðsstjóra landsliðsmála varðandi erlend dómaramál.“

Málið rætt

Stjórn Fimleikasambandsins samþykkir tillögu sviðsstjóra fræðslu- og mótamála og felur henni framkvæmd hennar.

6.Tillaga sviðsstjóra landsliðsmála vegna HM í áhaldafimleikum

Sviðsstjóri landsliðsmála setur fram eftirfarandi greinagerð.

Valið hefur verið landslið í áhaldafimleikum og er það skipað eftirfarandi einstaklingum í stafrófsröð;

Agnes Suto, Gerpla

Jón Sigurður Gunnarsson, Ármann

Norma Dögg Róbertsdóttir, Gerpla

Ólafur Garðar Gunnarsson , Gerpla

Tinna Óðinsdóttir, Gerpla

Þjálfarar sem valdir hafa verið í verkefnið eru Guðmundur Þór Brynjólfsson og Guillermo Alvarez .

Dómarar á mótinu verða Berglind Pétursdóttir og Anton Þórólfsson. Fararstjóri er Sólveig Jónsdóttir.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins samþykkir tilnefningar sviðsstjóra landsliðsmála og felur henni ásamt framkvæmdastjóra afgreiðslu málsins. Stjórn FSÍ óskar keppendum, þjálfurum og dómurum góðs gengis.

Fundi slitið kl. 18:30.